

Nr. 58.
26. okt.

Fjáráukalög

fyrir

árin 1916 og 1917.

Vjer Christian hinn Tíundi, af guðs náð Danmerkur konungur,
Vinda og Gauta, hertogi í Sljesvík, Holtsetalandi, Stórmæri, Þjettmerski,
Láenberg og Aldinborg,

Gjörum kunnugt: Alþingi hefur fallist á lög þessi og Vjer staðfest þau með samþykki Voru:

1. gr.

Sem viðbót við gjöldin, sem talin eru í fjárlögunum 1916 og 1917, veitast 307914 kr. 6 a. til útgjalda þeirra, sem hjer fara á eftir.

2. gr.

Til viðbótar við 12. gr. (læknaskipun o. fl.) eru veittar 28800 kr.:

- | | | |
|---|-----|----------|
| 1. Rittje handa landlækni..... | kr. | 1000,00 |
| 2. Við 6. b. Viðbótarstyrkur til augnlæknis, til ferðalaga..... | — | 400,00 |
| 3. Við 11. B. Til ljósstöðvar..... | — | 15000,00 |
| 4. Við 15. a. Styrkur til sjúkrahúsa og sjúkraskýla..... | — | 8400,00 |

Uppbót þessi er veitt fyrir árin 1916 og 1917, eftir fjölda legudaga, þó með þeim skildaga, að eigi komi meira en 30 aurar á hvern legudag, og að hjerað það, sem rekur sjúkrahúsið eða sjúkraskýlið, leggi fram jafnmikið og fjárlagastyrkur og þessi uppbót nema samtals.

- | | | |
|---|---|---------|
| 5. Við 15. b. Til sjúkraskýlisgerðar á Stórolfshvoli..... | — | 3000,00 |
| 6. Við 15. h. Styrkur handa sjúklingum með hörundsberkla..... | — | 1000,00 |

Alls... kr. 28800,00

3. gr.

Sem viðbót við 13. gr. fjárlaganna (samgöngumál) veitast 121554 kr. 57 a.:

- | | | |
|--|-----|----------|
| 1. Við A. 2. Dýrtíðaruppbót til pósta 1916, endurtekin heimild..... | kr. | 22921,48 |
| 2. Við B. II. Til afhendingar vega..... | — | 14000,00 |
| 3. Við B. IV. Til vegarins frá Vogastapa til Grindavíkur 1914—15... .. | — | 5927,32 |
| 4. Við C. III. 2. Til Breiðafjarðarbáts..... | — | 5000,00 |
| 5. Við C. III. 3. Til bátaferða á Ísafjarðardjúpi..... | — | 1000,00 |
| 6. Við C. III. 10.: | | |
| a. Til vjelbátaferða á Húnaflóa, alt að..... | — | 5000,00 |
| b. Til vjelbátaferða í Norður-Þingeyjarsýslu, með endastöðvum Seyðisfirði og Akureyri, alt að..... | — | 8000,00 |

Flyt... kr. 61848,80

Flutt... kr. 61848 80 Nr. 58.

- c. Til vjelbátsferða milli Akureyrar og Sauðárkróks, alt að..... — 2000,00 26. okt.
 d. Til Austfjarðabáts, alt að..... — 20000,00

Þau skilyrði skulu sett fyrir styrkveitingum þessum, að hlutaðeigandi hjeradsstjórnir útvegi bátana og yfirlíti reikninga þeirra og sendi stjórnarráðinu þá síðan með yfirlýsingu um, að þær sjeu þeim samþykkar, enda verði styrkurinn ekki útborgaður fyrir til fulls. — Styrkurinn má ekki fara fram úr helmingi rekstrarkostnaðar.

Bátarnir skulu eigi vera minni en 30 smálesta. Þó má stjórnarráðið veita styrkinn til þessara ferða, þótt smærri bátar sjeu notaðir, ef þeir fást eigi nógu stórir, eða ef smábátar eru hentugri af alveg sjerstökum ástæðum.

7. Til Þórhalls kaupmanns Daníelssonar í Hornafirði, fyrir að halda uppi ferðum að og frá Hornafirði árið 1916..... — 5000,00
 8. Við E. III. c. Ingólfshöfðaviti 1916, þar af endurveiting 2670 krónur, umframgreiðsla 1331 kr. 49 a..... — 4001,49
 9. Við E. III. f. $\frac{2}{3}$ af kostnaðinum við þokulúður á Dalatanga 1917 7000 kr. og endurbót húsakynna 4000 kr..... — 11000,00
 10. Við E. V. Ýmislegt 1916. Til kaupa á mótörflutningabát..... — 17704,28

Als... kr. 121554,57

4. gr.

Sem viðbót við 14. gr. fjárlaganna (kirkju- og kenslumál) veitast 14850 kr.:

1. Við B. I. a. Til prófessors Einar Arnórssonar, viðaukalaun 1917.. kr. 2750,00
 2. Við B. I. b. Til Holgers Wiehe, sendikennara..... — 1000,00
 3. Við B. I. b. 1. Fyrir tæki til rannsókna og líkskoðunarstofu..... — 3000,00
 4. Við B. VIII. Verslunarskólinn í Reykjavík..... — 1000,00
 5. Við B. X. 3. Styrkur til námskvenna færast upp í 60 kr.
 um mánuðinn 1917..... kr. 1350,00
 Við B. X. 4. Húsaleiga 1916, viðbót..... — 30,00
 Við B. X. 4. Viðbót við húsaleigu og ræsting 1917.... — 120,00
 ————— 1500,00
 6. Við B. XI. 1. Kvennaskólinn í Reykjavík árið 1917.. kr. 2000,00
 Við B. XI. 4. Kvennaskólinn á Blönduósi árið 1917.... — 1000,00
 Við B. XIII. b. Flensborgarskólinn..... — 2000,00
 Við B. XIII. d. Til handavinnunámskeiðs kvenna á Akureyri 1916 og 1917..... — 600,00
 ————— 5600,00

Als... kr. 14850,00

5. gr.

Sem viðbót við 15. gr. fjárlaganna (til vísinda, bókmenta og lista) veitast 7000 kr.:

1. Við 7. lið. Til bókasafns Austurlands, styrkur til að kaupa bókasafn Ásgeirs heit. Torfasonar..... kr. 3000,00
 2. Við 20. lið. Til Bjarna Jónssonar frá Vogu, fyrir að þýða Goethes Faust, viðbót árið 1917..... — 800,00
 3. Til Sigfúsar bókavardar Blöndal, til þess að fullgera íslensk-danska orðabók..... — 2500,00
 4. Við 1. n. Til þess að setja grind í hliðið að safnahúsinu, alt að .. — 700,00

Als... kr. 7000,00

Nr. 58.
26. okt.

6. gr.

Sem viðbót við 16. gr. fjárlaganna (til verklegra fyrirtækja) veitast 28623 kr. 38 a.:

1. Við 3. b. Til áveitunnar á Miklavatnsmýri 1917.....	kr.	3191,98
2. Við 3. b. Uppbót á »akkorði« um skurðagröft s. st.....	—	3500,00
3. Við 4. lið (fjárl. 1914 og 1915). Til fyrirhleðslu Skálmarrinnar í Álftaveri, gegn jafnmiklu eða meiru annarsstaðar frá.....	—	1050,00
4. Við 22. lið (fjárl. 1914 og 1915). Til erindreka Sambands ísl. samvinnufelaga 1917 (endurveiting).....	—	2000,00
5. Til varnargarðs á Siglufjarðareyri 1916.....	—	18681,40
6. Til Jóns Pálssonar, dýralækninganema, viðbótarstyrkur.....	—	200,00
	Alls... kr.	<u>28623,38</u>

7. gr.

Sem viðbót við 18. gr. fjárlaganna (til eftirlauna og styrktarfjár) veitast 1750 kr.:

1. Til landritara Kl. Jónssonar, viðbót við biðlaun hans 1. febr. til 31. júlí 1917.....	kr.	1000,00
2. Til ekkjufrúar Önnu Ásmundsdóttur frá 1. október 1916 til ársloka.....	kr.	75,00
Til þriggja barna hennar fyrir sama tíma.....	—	75,00
Fyrir árið 1917 fyrir hana sjálta.....	—	300,00
Fyrir börn hennar sama ár.....	—	300,00
		<u>750,00</u>
	Alls... kr.	<u>1750,00</u>

8. gr.

Sem viðbót við 19. gr. fjárlaganna (óviss útgjöld) veitast 98636 kr. 11 a.:

1. Laun og kostnaður bankastjóra Björns Sigurðssonar í London 1916.....	kr.	10850,00
1917.....	—	20000,00
		<u>kr. 30850,00</u>
2. Styrkur til íslenskra botnvörpuskipaeigenda, til utanfarar sendimanns. —		2694,00
3. Til breytingar á stjórnarráðshúsinu, geymsluhúsi þess og geymsluskúr. —		27000,00
4. Til endurgreiðslu á fje opinberra sjóða og stofnana, sem stóð inni í dánarbúi Guðlaugs Guðmundssonar.....	—	23388,37
5. Til bráðabirgðaviðgerðar á Landsbankarústunum.....	—	13103,74
6. Til fjögurra háseta á eimskipinu »Assistent«, 400 kr. til hvers.....	—	1600,00

Ætlast er til, að stjórnin geri gangskör að því að fá frá rjettum hlutaðeigendum fullar skaðabætur handa mönnum þessum, er allar nema 2400 kr., og sje þá fjárveiting þessi endurgreidd landssjóði.

Alls... kr. 98636,11

9. gr.

Sem viðbót við 22. gr. fjárlaganna (kaup á Melkøtslóð) veitast... kr. 700,00

Enn fremur til viðbótar fje, veittu til kaupa á landi undir kirkju- garð í Reykjavík.....	—	6000,00
	Alls... kr.	<u>6700,00</u>

10. gr.

Landsstjórninni veitast heimildir til þess:

1. Að selja Landsbankanum lóð á horninu á Hverfisgötu og Kalkofnsvegi, svo stóra sem bankanum nægir, fyrir 13 kr. feralinina, samkvæmt fram förnu mati. Skuldabryfjef landssjóðs fyrir andvirði Landsbankarústanna gangi til greiðslu á þessari lóð. Afgangurinn greiðist í peningum.
2. Að selja prestaskólahúsið fyrir það verð, sem býðst, þó ekki lægra en óvilhallir menn meta.
3. Að gefa Iðunni í Reykjavík sömu greiðsluivilnanir sem verksmiðjan Gefjun á Akureyri hefir fengið.
4. Að veita hreppsnefnd Húsavíkurhrepps tveggja ára frest á afborgun af láni til hreppsins úr viðlagasjóði, til rafmagnsveitu.
5. Að veita hreppsnefnd Stykkishólshrepps tveggja ára frest á afborgun af láni til hreppsins úr viðlagasjóði, til bryggjugerðar í Stykkishólmi.
6. Að verja fje því, sem veitt er í fjárlögum fyrir árin 1916 og 1917 til íslenskrar orðabókar á nafn Jóns rithöf. Ólafssonar, til framhalds slíkri orðabók á þessu ári, að tiltölu við tímalengd.
7. Að undanþiggja aðflutningsgjöldum þær vörur, sem fluttar hafa verið eða fluttar verða hingað og hjeðan úr Vesturheimi með leyfi ríkisstjórna þar til stjórnarvalda í Færeyjum.
8. Að veita Brynjólfi Einarssyni, verkstjóra, 1700 kr. styrk af símafje.
9. Að láta leggja símalínuna frá Borgarnesi að Svignaskarði á árinu 1917.

Eftir þessu eiga allir hlutaðeigendur sjer að hegða.

Gefið á Amaliuborg, 26. október 1917.

Undir Vorri konunglegu hendi og innsigli.

Christian R.

(L. S.)

Sigurður Eggerz.